

|                   |                                        |                                                                                     |
|-------------------|----------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|
| Nr.: GAT-045      | <b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>    |  |
| Útgáfa: 07        |                                        |                                                                                     |
| Dags.: 08.04.2010 |                                        |                                                                                     |
| Höfundur: GLÁ     | <b>Ísl 102</b><br><b>Haustönn 2010</b> |                                                                                     |
| Samþykkt: HJS     |                                        |                                                                                     |
| Síða 1 af 2       |                                        |                                                                                     |

|                |                                                                   |               |             |
|----------------|-------------------------------------------------------------------|---------------|-------------|
| <b>Kennari</b> | Benedikt Bragason, Emilía Baldursdóttir og Margrét Lóa Jónsdóttir | <b>Sk.st.</b> | BEB,EMB,MLJ |
|----------------|-------------------------------------------------------------------|---------------|-------------|

### Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur treysti kunnáttu sína á öllum sviðum lestrar og ritunar. Megináhersla er lögð á lestur bókmenntatexta bæði í bundnu og óbundnu máli. Í tengslum við lesefnið vinna nemendur með ýmis hugtök bókmennta- og bragfræði og skoða mun á talmáli og ritmáli. Nemendur fá auk þess þjálfun í fjölbreyttri ritun, tjáningu og notkun hjálpargagna.

### Markmið áfangans eru að nemandi:

- geti skipt eigin texta og annarra í málsgreinar, efnisgreinar og kafla.
- þjálfist í að skrifa ýmis konar ritsmiðar.
- geti gengið frá texta á viðunandi hátt í tölvu.
- lesi upphátt fyrir aðra eigin texta og annarra.
- öðlist sjálfstraust til að tala og/eða lesa fyrir framan aðra.
- lesi bókmenntaverk og ýmsa aðra texta.
- geti beitt hugtökum bókmenntafræði í umfjöllun um bókmenntir.
- geti beitt ýmsum hugtökum bragfræði í umfjöllun um bundið mál.

### Námsgögn:

*Afturelding* eftir Viktor Arnar Ingólfsson (útg.2005 eða nýrri).

*Íslenska eitt* eftir Ragnhildi Richter, Sigríði Stefánsdóttur og Steingrím Þórðarson (útg.2006)

### Áætlun um yfirferð:

1. lota 13.9. – 22.10. (3 vikur)

*Íslenska eitt / Svona er ég (bls. 9-49).* Kynning og könnun í upphafi annar. Þá er farið í helstu hugtök bókmenntagreiningar og notkun þeirra æfð á textum í bundnu og óbundnu máli. Nemendur hefja lestur bókarinnar *Aftureldingar*.

2. lota 13.9 – 22. 10. (6 vikur)

*Íslenska eitt.* Fjallað verður um byggingu texta og greiningu þeirra.

Skáldsagan *Afturelding* rædd og verkefni unnin úr henni.

Notkun handbóka æfð.

|                   |                                        |                                                                                     |
|-------------------|----------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|
| Nr.: GAT-045      | <b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>    |  |
| Útgáfa: 07        |                                        |                                                                                     |
| Dags.: 08.04.2010 |                                        |                                                                                     |
| Höfundur: GLÁ     |                                        |                                                                                     |
| Samþykkt: HJS     |                                        |                                                                                     |
| Síða 2 af 2       | <b>Ísl 102</b><br><b>Haustönn 2010</b> |                                                                                     |

### 3. Iota 27.10. - 30.11 (5 vikur)

**Íslenska eitt / Framhaldsskólaárin (bls. 95-129).** Farið verður ítarlega í myndmál og stílbrögð ljóða. Fjallað um mun á ritmáli og talmáli og munnlegur flutningur æfður.

#### Verkefni:

Nemendur vinna margvísleg verkefni jöfnum höndum og standa skil á þeim ýmist munnlega eða skriflega.

Nemendur eiga að safna skriflegum verkefnum í möppu sem á að skila um miðja önn. Þessi verkefni gilda samtals 25% af lokaeinkunn.

Auk þess taka nemendur krossapróf (5%) úr skáldsögunni *Aftureldingu*, vinna hópverkefni sem tengist henni (5%) og einstaklingsverkefni 5%.

#### Námsmat og vægi námsþátta:

Krossapróf og verkefni úr *Aftureldingu* 15%

Verkefnamappa 15%

Munnlegt verkefni 10%

Próf úr ljóðum 5%

Verkefni úr smásögu 5%

Lokapróf 50%

Nemendur verða að fá a.m.k. 4,5 á lokaprófi til að verkefni annarinnar fáist metin.

Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar!

#### Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils